

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2017 - 2020

ásamt greinargerðum stjórnenda



Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar
7. desember 2016



MOSFELLSBÆR



EFNISYFIRLIT

GREINARGERÐIR MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN	3
GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA	4
GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA.....	8
FJÖLSKYLDUSVIÐ	8
FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ	10
UMHVERFISSVIÐ	13
ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADEILD.....	14
NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR	16
FJÖLSKYLDUSVIÐ	16
FRÆÐSLUSVIÐ.....	22
UMHVERFISSVIÐ	27
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR, ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, FJÁRMÁLADEILD OG MANNAUÐSDEILD	31
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017 - 2020.....	34

GREINARGERÐIR MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2017 samanstendur annars vegar af greinargerðum bæjarstjóra og framkvæmdastjóra sviða og hins vegar af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna reksturs A- hluta bæjarsjóðs ásamt samantektar á A- og B- hluta. Greinargerðinni er ætlað að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni. A- hluti samanstendur af aðalsjóði, Eignasjóði, Fasteignafélaginu Lækjarhlíð og þjónustustöð. Í B- hluta eru fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar í eigu sveitarfélagsins sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.


Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2017 sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir bæjarsjóð og stofnanir hans.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 verður rúmlega 200 mkr. afgangur af rekstri Mosfellsbæjar eftir fjármagnsliði. Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 952 mkr. eða um 10% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka og verði skuldaviðmiðið um 106% af tekjum í árslok eða töluvert undir mörkum sveitarstjórnarlaga.

Meginhluti skatttekna eru í formi útsvars af launatekjum og eru þær 62% af heildartekjum sveitarfélagsins sem er álíka hlutfall og á síðasta ári. Álagningarhlutfall útsvars lækkar samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar og verður 14,48%.

Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur muni hækka í takt við almennar launahækkningar og 3,4% fjölgun íbúa milli ára. Því er gert ráð fyrir að tekjur af útsvari nemi um 5.199 mkr. á árinu, sem er rúmlega 8% hækkun milli ára.

SKIPTING SKATTTEKNA



■ Útsvar ■ Fasteignaskattar ■ Framlög úr Jöfnunarsjóði ■ Lóðaleiga

Skatttekjur og framlag Jöfnunarsjóðs

Aðalsjóður (í mkr.)	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Breyting milli ára	
Útsvar	5.199	4.815	384	8%
Fasteignaskattur og lóðarleiga	885	833	52	6%
Framlög Jöfnunarsjóðs	1.507	1.368	139	7%
Skatttekjur og framlag Jöfnunarsjóðs	7.591	7.016	575	7%



GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Rekstrarumhverfi sveitarfélaga hefur batnað á árinu þrátt fyrir að launakostnaður hafi aukist mikið milli ára. Batinn skýrist fyrst og fremst af aukinni hagsæld í þjóðfélaginu og auknum tekjum m.a. frá uppbyggingarverkefnum í sveitarfélaginu. Það setur hinsvegar strik í reikninginn að ekki skuli hafa tekist að koma á þeirri nýskipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem fólst í samkomulagi ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka opinberra starfsmanna með breytingum á lögum. Í stað þess að mæta halla þessara lífeyrissjóða með skuldayfirlýsingum sem kæmu til greiðslu á næstu þrjátíu árum stefnir að óbreyttu í að sveitarfélögin þurfi að standa undir hækkun mótframlaga í þessa lífeyrissjóði um 3,8%. Viðbótarlaunakostnaður Mosfellsbæjar vegna þessa á næsta ári nemur um 105 mkr.

Þrátt fyrir þetta ber fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 þess merki að markmiðið er að auka þjónustu sveitarfélagsins við íbúana ásamt því að lækka skatta og gjöld. Lagt er til að grunnfjárhæð frístundaávisunar hækki um rúm 18% og stofnun Ungmennahúss verði veitt brautargengi í samstarfi við Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Einnig er í áætluninni gert ráð fyrir samningi við Skátafélagið Mosverja vegna byggingar skátaheimilis. Stefnt er að því að veita verulegum fjármunum til að auka þjónustu við börn 1-2ja ára þannig að þau geti fengið pláss á leikskólum bæjarins. Auk þessa er gert ráð fyrir því að tónlistarkennsla Listaskólans inni í grunnskólunum verði eflað til að fleiri nemendur eigi þess kost að stunda tónlistarnám.

Bæjarstjórn hefur samþykkt að álagningarhlutfall útsvars lækki og einnig verða álagningarhlutföll fasteignagjalda lækkuð. Þannig tryggt að allir geti með einhverjum hætti notið góðs af betra rekstrarumhverfi sveitarfélagsins. Ekki er gert ráð fyrir hækkun gjaldskráa almennt fyrir veitta þjónustu, s.s. leikskólagjalda, og eru gjaldskrár því að lækka að raungildi.

Síðustu ár hefur verið fjárhagslegur halli á mörgum verkefnum sem sveitarfélög sinna samkvæmt samningum við ríkisvaldið, s.s. málaflokki fatlaðs fólks. Þess vegna hafa sveitarfélög kallað ákaft eftir viðræðum við ríkið um endurskoðun tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga sem ekki hefur enn skilað niðurstöðu. Ég held þó enn í þá von að til tíðinda dragi í þeim efnum áður en langt um líður.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2017 eru eftirfarandi:

- Að afgangur sé af rekstri bæjarins og veltufé frá rekstri verði jákvætt um 10% af tekjum.
- Að álagningarhlutföll útsvars og fasteignagjalda lækki.
- Að skuldir sem hlutfall af tekjum lækki.
- Að gjaldskrár fyrir veitta þjónustu lækki að raungildi.
- Að leggja áfram áherslu á uppbyggingu á Heilsueflandi samfélagi fyrir alla aldurshópa.
- Að frístundaávisun hækki um 18%.
- Að verulegum fjármunum sé veitt til þjónustu við ung börn 1-2ja ára.
- Að fyrsti áfangi nýs skóla í Helgafellslandi verði tilbúinn haustið 2018.
- Að sérstakt átak verði gert í endurbótum á eldri byggingum, s.s. Varmárskóla.
- Að fjármunir verði settir í að koma upp skipulögðu ungmennastarfi á vegum Mosfellsbæjar í nafni Ungmennahúss sem hafi aðstöðu í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ.

- 
- Að Listaskólinn verði eflaður til að geta sinnt fleiri nemendum og að tónlistarnám verði aukið innan grunnskólanna.
 - Að afsláttur af fasteignagjöldum til tekjulágra eldri borgara hækki um 10%.
 - Að haldið verði áfram þróun á rafrænni þjónustu sveitarfélagsins.
 - Að innleiðingu lýðræðisstefnu verði haldið áfram og að farið verði með skipulegum hætti í samtal við íbúa um forgangsörðun verkefna.
 - Að framlag í Lista- og menningarsjóð verði aukið um 25% og að gert verði ráð fyrir sérstökum fjármunum til að fagna 30 ára afmæli Mosfellsbæjar.
 - Að áfram verði haldið með ráðdeild og hagræðingu að leiðarljósi í rekstri bæjarins.

Megináherslur í fjárhagsáætlun 2017 eru því hér eftir sem hingað til að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu bæjarins. Sveitarfélagið veitir afar mikilvæga nærþjónustu til íbúa sinna. Rúmlega 80% af heildarútgjöldum Mosfellsbæjar er varið í rekstur skólastofnana, íþrótt- og tómstundamál og félagsþjónustu.

Fjárhagsstaða Mosfellsbæjar er traust og reksturinn ábyrgur. Skuldastaða sveitarfélagsins er vel viðunandi miðað við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum samfara miklum vexti og fjölgun íbúa. Uppbygging innviða heldur þó áfram og stærsta verkefnið framundan er skólabygging í Helgafellsslandi, en gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi skólans verði tekinn í notkun haustið 2018. Kostnaðaráætlun þess áfanga er um 1.250 mkr. Heildarkostnaður fullbyggðs skóla er um 3.500 mkr. Þannig að hér er um verulega framkvæmd að ræða sem mikilvægt er að halda vel utan um á næstu árum.

Við styrkjum samfélagið með skýrri framtíðarsýn um að vera eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi.

Mosfellsbær er fyrirmynd annarra sveitarfélaga þegar kemur að áherslum og innleiðingu á hugmyndafræði um heilsueflandi samfélag. Þar höfum við tekið forystu og munum halda áfram að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er. Það gerum við í samstarfi við íbúa, fyrirtæki og stofnanir.

Mikil og ötul vinna fer í fjárhagsáætlunargerð ár hvert. Sú vinna er leidd áfram af fjármálastjóra bæjarins, framkvæmdarstjórum og forstöðumönnum. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu því góða starfsfólki, sem og fulltrúum í nefndum og ráðum, fyrir afar óeigingjarnt starf við að koma þessari áætlun saman.

Nú, sem fyrr, er mikilvægt að halda á lofti gildum Mosfellsbæjar, *virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju*. Með því að tileinka okkur gildin í þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur hverju sinni leiðum við Mosfellsbæ í átt að bjartri framtíð.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2017	Laun 2017	Annar kostnaður 2017	Samtals áætlun 2017	Samtals áætlun 2016	Breyting milli ára	
00 - Skatttekjur	7591			7591	7016	575	8%
02 - Félagsþjónusta	411	327	1478	-1395	-1318	-76	6%
03 - Heilbrigðismál	9		24	-14	-13	-1	10%
04 - Fræðslu- og uppeldismál	553	3010	1576	-4033	-3704	-329	9%
05 - Menningarmál	14	62	104	-152	-144	-8	5%
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	448	372	932	-857	-794	-63	8%
07 - Brunamál og almannavarnir			69	-69	-66	-2	3%
08 - Hreinlætismál	93	5	109	-22	-17	-5	26%
09 - Skipulags- og byggingamál	80	71	49	-40	-33	-7	22%
10 - Umferðar- og samgöngumál			359	-359	-290	-69	24%
11- Umhverfismál	10	49	82	-122	-112	-9	8%
13 - Atvinnumál		2	6	-9	-8	-1	14%
21 - Sameiginlegur kostnaður	83	263	196	-376	-363	-13	5%
21 - Lífeyrishækkun og ófyrirséð		105		-105	-95	-10	11%
22 - Hækkun lífeyrisskuldbindingar		124		-124	-95	-29	31%
28 - Fjármagnsliðir			-436	436	424	12	3%
Aðalsjóður	9290	4391	4547	352	387	-35	-9%
Eignasjóður	1367	12	1583	-229	-260	31	-12%
Þjónustustöð	90	76	33	-19	-33	14	-43%
Fasteignafélagið Lækjarhlíð	0	0	9	-9	-116	107	-92%
Millifærslur A-hluta	-1885		-1885	0	107	-107	-100%
A - hluti samtals	8862	4479	4288	95	84	11	13%

Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2017	Laun 2017	Annar kostnaður 2017	Samtals áætlun 2017	Samtals áætlun 2016	Breyting milli ára	
Félagslegar íbúðir	41	0	52	-10	-5	-5	110%
Fráveita	217	0	164	53	45	8	18%
Hitaveita	397	0	350	47	47	-1	-1%
Vatnsveita	181	34	115	32	36	-3	-9%
Hjúkrunarheimili	23	0	23	0	-1	1	-81%
Millifærslur B-hluta	-157	0	-141	-16	-16	0	0%
B - hluti samtals	703	34	563	106	106	0	0%
A og B hluti samtals	9565	4513	4851	201	192	9	5%

EIGNFÆRÐAR FJÁRFESTINGAR

Fyrirhugaðar fjárfestingar í A hluta	2017
Varmárskóli - endurbætur (eldri og yngri deild)	37 mkr
Helgafellsskóli - nýbygging	500 mkr
Krikaskóli - endurbætur	5 mkr
Færanlegar kennslustofur	20 mkr
Leikskólar - aðstaða fyrir 1-2ja ára börn	15 mkr
Samtals fjárfest í skólum	577 mkr
Íþróttahúsið að Varmá - endurbætur	25 mkr
Íþróttahúsið að Varmá - sundlaug - endurbætur	10 mkr
Íþróttahúsið að Lágafelli - sundlaug endurbætur	34 mkr
Gervigrasvellir - endurnýjun	24 mkr
Varmárvellir	15 mkr
Ævintýragarður	7 mkr
Skátaheimili	15 mkr
Stikaðar gönguleiðir	3 mkr
Golfvellir	22 mkr
Skíðasvæði	5 mkr
Hlégarður - félagsheimili	12 mkr
Samtals fjárfest í öðrum mannvirkjum	172 mkr
Fjárfest í gatnagerð	399 mkr
Tekjur af gatnagerðargjöldum	-550 mkr
Samtals fjárfest í gatnagerð (nettó)	-151 mkr
Bifreiðar og tæki	7 mkr
Samtals fjárfestingar A-hluta	605 mkr
Fjárfest í fráveitu (nettó)	37 mkr
Fjárfest í hitaveitu (nettó)	23 mkr
Fjárfest í vatnsveitu (nettó)	81 mkr
Samtals fjárfestingar í B hluta	141 mkr
Samtals fjárfestingar í A og B hluta	746 mkr

GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA

FJÖLSKYLDUSVIÐ

Í störfum sínum leitast starfsmenn fjölskyldusviðs við að framfylgja gildum Mosfellsbæjar með því að þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur einkennist af *virðingu* og *umhyggju*. Það gildir meðal annars um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og áherslu á samvinnu við aðila máls og samstarfsaðila. *Jákvæð viðhorf* í garð þessara aðila, ásamt *framsæknum vinnubrögðum*, eru jafnframt höfð að leiðarljósi.


Fjölskyldusvið hefur yfirumsjón með barnaverndarmálum, félagslegri ráðgjöf þar með talið er varðar félagslegt húsnæði, fjárhagsaðstoð, málefni eldri borgara og þjónustu við fatlað fólk.

Framlag til Skálatúns vegur þyngst og er í samræmi við bráðabirgðasamkomulag Mosfellsbæjar við heimilið í september s.l. áætlað tæplega 482 mkr. Samningur er í gildi við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi. Greiðsla á árinu 2017 mun nema tæpum 38 m.kr. Áætlaðar eru tæpar 50 mkr. til þjónustusamninga vegna annarra einstaklinga. Undir fjölskyldusvið heyrir starfsemi þriggja búsetukjarna, í Hulduhlíð, Klapparhlíð og Þverholti, sem þjónusta alls 16 einstaklinga.

Tólf íbúar Mosfellsbæjar búa við notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Þeir fá tiltekna umsamda fjárhæð greidda mánaðarlega og stjórna því sjálfir eða með aðstoð aðstandenda hverjir veita þeim aðstoð, hvenær, hvar, hvernig og að hve miklu leyti að því marki sem fjármagnið leyfir.

Stöðugleiki er í þjónustu við fatlað fólk og óverulegir biðlistar eftir þjónustu.

Kostnaðarskipting á Fjölskyldusviði



Ath myndin sýnir helstu deildir en ekki sameiginlegan kostnað vegna málaflokks fatlaðs fólks sem nemur samtals um 597 m.kr.



Einstaklingum sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins hefur farið fækkandi, enda hefur atvinnuleysi minnkað og aukin áhersla hefur verið lögð á að liðsinna fólki í atvinnuleit.

Ný lög um húsnæðismál voru samþykkt á Alþingi um mitt ár 2016 sem taka gildi í byrjun árs 2017. Lagabreytingin boðar umfangsmiklar breytingar; má þar nefna stofnframlög frá ríki og sveitarfélögum til byggingar eða kaupa á húsnæði til aðila sem uppfylla tiltekin skilyrði. Ennfremur mun ríkið sjá um greiðslu almennra húsaleigubóta.

Samhliða þessu er sveitarfélögum gert að gera húsnæðisáætlanir og veita ákveðnum hópi sérstakan húsnæðisstuðning. Sveitarfélögum er ætlað að nýta það fé sem annars hefði farið til greiðslu almennra húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta til greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings og stuðla að uppbyggingu leiguhúsnæðis fyrir hina tekjulægstu. Unnið hefur verið að viðhaldi eigna í samræmi við úttekt þar að lútandi. Því verður haldið áfram á árinu 2017.

Þjónusta við eldra fólk hefur tekið miklum framförum frá árinu 2013. Um mitt ár 2016 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal eldri borgara. Niðurstöður hennar sýna að 93% þeirra sem sækja félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ (sem rekið er af bæjarfélaginu og FaMos) eru mjög eða frekar ánægðir með starfið.


Tekjur á árinu 2017 eru áætlaðar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Mosfellsbær státar af öflugu fræðslu- og frístundastarfi sem gerir bæjarfélagið fjölskylduvænt og eftirsóknarvert til búsetu. Fjárhagsáætlun sviðsins er umfangsmikil og innan hennar eru meðal annars allir leik- og grunnskólar bæjarins, Listaskóli, frístundasæl, félagsmiðstöð, dagforeldrar, vinnuskóli, íþrótt- og tómstundaskóli, íþróttamiðstöðvar, skólaþjónusta og skólaakstur.

Á næstu árum stefnir í fjölgun íbúa Mosfellsbæjar vegna mikillar uppbyggingar í Helgafellshverfi. Haustið 2018 er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi skólans verði tekinn í notkun og að kennsla verði hafin fyrir 1.- 4. bekk. Skólinn hefur verið hannaður frá grunni með aðkomu fjölmargra hagsmunaðila. Þarfagreining fyrir skólann er unnin út frá niðurstöðum þeirra vinnu sem og staðsetningu skólans þar sem náttúran leikur stórt hlutverk.

Á síðustu árum hefur börnum á leikskólaaldri fækkað en samkvæmt íbúaspá mun þeim fjölga aftur á næstu árum. Einnig mun börnum á grunnskólaaldri fjölga. Á eftirfarandi töflu sést yfirlit yfir fjölda barna á aldrinum 0-15 ára í samkvæmt þjóðskrá árin 2015 og 2016 og íbúaspá fram til ársins 2020.



Skólaárið 2016-2017 er gert ráð fyrir að grunnskólanemendur séu 1581. Í Varmárskóla (Brúarlandi /Helgafellsskóla) 768 nemendur, í Krikaskóla 104 nemendur og samtals 710 nemendur í Lágafellsskóla og Höfðabergi. Áætlað er að samtals um 570 börn verði í leikskólum bæjarins á árinu 2017. Fjölgun leik- og grunnskólabarna mun fyrst og fremst verða í skólahverfi Varmárskóla en gera má ráð fyrir fækkun í skólahverfi Lágafellsskóla. Íbúaspá Mosfellsbæjar er endurskoðuð reglulega með tilliti til nýbygginga í sveitarfélaginu og breytinga á aldurssamsetningu íbúa.

Í fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir að efla þjónustu í fræðslu- og frístundamálum. Lagt er til að auknum fjármunum verði varið til eflingar faglegs frístundastarfs í frístundaselinu við Varmárskóla. Það er gert í kjölfar skoðanakönnunar á meðal foreldra.


Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er verið að gera ráð fyrir aukinni þjónustu við barnafjölskyldur í Mosfellsbæ. Verið er að að bjóða upp á fjölbreytta kosti í vistunarúrræðum fyrir ung börn. Þríþætt form verður á þjónustunni. Það er vistun hjá dagforeldrum, pláss fyrir börn frá Mosfellsbæ á einkareknum ungubarnaleikskólum og pláss á sérstökum ungubarnadeildum sem

settar verða á stofn í tveimur leikskólum í Mosfellsbæ. Einnig verða gerðar breytingar á aldri barna við úthlutun leikskólaplássa. Sá aldur færist frá 24 mánaða niður í 18 mánaða, tekið er inn eftir innritunarreglum leikskóla. Auk þessa verða dagvistunargjöld samræmd á þann hátt að fram að frá 18 mánaða aldri barnsins greiða foreldrar sama gjald fyrir ungubarnþjónustu, óháð þjónustuformi en eftir það almennt leikskólagjald.. Tekjutengd viðmið vegna afsláttarkjara á dagvistunargjöldum barna verða hækkuð að meðaltali um 15,5%. Í ár verður varið varið tvöfalt meira fjármagni til þess verkefnis en árið 2016. Í samningum við dagforeldra er kveðið á um að Mosfellsbær ákveði gjaldskrá á dagvistun og þar með niðurgreiðslur bæjarins. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að heildargjaldið verði hækkað í samræmi við þróun gjaldskrár dagforeldra í öðrum sveitarfélögum.

Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar mun auka þjónustu sína við yngstu börnin í tónlistarnámi með fjölbreyttari námstilboðum í samvinnu við grunnskólana.

Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar á grundvelli skýrslu um sérkennslu og sérfræðiþjónustu hefur verið unnið að eflingu sérdeilda og annarra sérúrræða í leik- og grunnskólum Aukinn þungi í málefnum barna sem þurfa á sérkennslu að halda og fjölgun barna með fötlun kallar á sérhæfðari þjónustu í leik- og grunnskólum. Sérstök áhersla verður lögð á greiningu og stefnumótun til framtíðar í þessum málefnum í leik- og grunnskólum bæjarins.

Aðsókn í íþróttamiðstöðvar Mosfellsbæjar hefur aukist á undanförunum árum, sérstaklega í íþróttamiðstöðina að Lágafelli. Á árinu 2016 er reiknað með um 500.000 komum og að fjölgun á árinu 2017 verði um 6%. Á nýju ári verður tekið í notkun nýtt klórgerðarkerfi fyrir báðar sundlaugar bæjarins sem stuðla að lægri rekstrarkostnaði, umhverfisvænni hreinsun lauganna og heilnæmara vinnumhverfi. Einstakt gjald í sundlaugar mun hækka úr 650 kr. í 750. kr, ekki verða aðrar hækkanir á gjaldskrá. Í takt við stefnumörkun Mosfellsbæjar um heilsueflandi samfélag verður grunnskólabörnum veittur frír aðgangur að sundlaugum bæjarins.



Í gildi eru þjónustu- og rekstrarsamningar við 10 íþrótt- og tómstundafélög þar sem meðal annars eru ákvæði um styrki til reksturs barna- og unglingastarfs. Samningar þessi gilda til loka ársins 2017 og verða þeir því endurskoðaðir á næsta ári.



Samkvæmt niðurstöðum frá Rannsókn og greiningu stunda um 86% barna á aldrinum 10-12 ára skipulagt íþróttastarf í Mosfellsbæ. Þátttaka barna og unglinga í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi er einn af þremur burðastólpum öflugs forvarnastarfs. Til að stuðla enn frekar að þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi verður frístundaávísun hækkuð haustið 2017. Nú þegar nýta 85% barna- og ungmenna ávísunina en stefnt er að því að hækka hlutfallið.

Skátafélagið Mosverjar er flutt í nýtt húsnæði í Álafosskvosinni og félagið gert samning við bæinn um aðkomu að fjármögnun. Án efa mun húsnæðið styðja enn frekar við öflugt skátastarf. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að nýtt skátaheimili rísi í tengslum við Ævintýragarðinn.

Félagsmiðstöðin Bólið fékk jafnréttisverðlaun Mosfellsbæjar haustið 2016. Félagsmiðstöðvastarf stendur öllum börnum á aldrinum 10-16 ára til boða. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að farið verði af stað með félags- og tómstundastarf fyrir ungmenni 16 ára og eldri á árinu 2017 í samstarfi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Starfað verður samkvæmt hugmyndafræði ungmennahúsa og ungmennalýðræði í hávegum haft. Ráðinn verður starfsmaður í hlutastarf vegna verkefnisins.

Áfram verður eflt samstarf skóla og frístundaselja við frístundafjórið. Frístundafjórið ásamt öflugum starfi í frístundaseljunum er liður í þróun heildstæðs skóladags ásamt samvinnu við aðra aðila eins og skólahljómsveitina, tónlistarskólann og íþrótt- og tómstundafélög.


Við gerð fjárhagsáætlunar í fræðslu- og frístundamálum fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir því að hækka þjónustustig við íbúa Mosfellsbæjar með auknu fjármagni í ýmis verkefni eins og hér hefur verið nefnt. Kröfur um hagkvæmni í rekstri í skóla- og frístundamálum er samt sem áður til staðar og allir sem að áætluninni koma hafa lagt sitt af mörkum til að framfylgja því. Ekki stendur til að hækka gjaldskrár með þeirri undantekningu að haustið 2017 hækkar máltíð grunnskóla úr 370 krónum í 390 krónur. Það eru um 5% hækkun en verð máltíðar í grunnskólum Mosfellsbæjar verður þrátt fyrir það með því lægsta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Fjárhagsáætlun fræðslu- og frístundasviðs 2017 styður við stefnu bæjarins um eflingu fræðslu- og frístundastarfs með áherslu á heilsueflandi samfélag og lífsgæði bæjarbúa. Framundan er uppbygging innan sveitarfélagsins og öflugt fræðslu- og frístundastarf er liður í því að gera Mosfellsbæ að aðlaðandi kosti til búsetu. Sveitarfélagið býr að sterkum stjórnenda- og starfsmannahópi sem hefur gildi Mosfellsbæjar að leiðarljósi í þjónustu við bæjarbúa, virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju.

UMHVERFISSVIÐ

Á Umhverfissviði fer fram fjölbreytt starfsemi á vegum sveitarfélagsins. Þar má helst nefna umsjón með skipulags- og byggingarmálum, veitum, gatna- og umferðarmálum, úrgangsmálum, almenningssamgöngum, umhverfismálum og garðyrkju. Á umhverfissviði fer einnig fram eftirlit með dýrahaldi, náttúruvernd og landbúnaði. Síðast en ekki síst má telja upp Eignasjóð, en honum tilheyra allar nýframkvæmdir fasteigna, gatna og veitna sem og viðhald á fasteignum Mosfellsbæjar. Umsjón og eftirlit með Staðardagskrá 21, sem gengur þvert á öll fagsvið Mosfellsbæjar, er í höndum umhverfissviðs. Á umhverfissviði starfa nú 18 fastráðnir starfsmenn.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA UMHVERFISMÁLA




Við gerð fjárhagsáætlunar var hagkvæmni höfð að leiðarljósi og reynt að deila kostnaði á skynsamlegan hátt. Þannig er viðhaldið góðu þjónustustigi við hirðingu opinna svæða, viðhaldi gatna, sorphirðu og í snjómokstri.

Helstu framkvæmdir á liðnu ári voru framkvæmdir við lúkningu Höfðabergs og opnun Brúarlandsskóla. Á næstu tveimur árum verður Helgafellsskóli stærsta einstaka verkefnið á umhverfissviði. Á veitusviði hafa einnig umtalsverðar framkvæmdir og má þar helst nefna framkvæmdir við stofnlögn upp í Mosfellsdal. Framundan er framkvæmd við nýjan vatnstank auk framkvæmda í tengslum við nýbyggingar í sveitarfélaginu sem nú eru í sögulegu hámarki.

Ljóst er að umfang framkvæmda í nýbyggingarhverfunum tveimur, Leirvogstunguhverfi og Helgafellshverfi, kalla á aukna fjármuni í frágangi gatna, göngustíga og opinna svæða í þeim hverfum og er það verkefni næstu missera. Umfang rekstrar holræsa og niðurfalla hækkar nokkuð milli ára. Aukinn kostnaður er m.a. vegna framkvæmda við endurnýjun stofnlagna fráveitukerfisins.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁLA



Vegna aukinnar umsýslu á sviðinu er nú meðal annars unnið að endurskoðun verklags. Í undirbúningi er innleiðing á aukinni rafrænni þjónustu og er stefnt að því á árinu 2017 að ná ákveðnum áföngum. Opnun kortasjár á vef Mosfellsbæjar hefur reynst fela í sér mörg sóknarfæri sem öflugt verkfæri fyrir íbúa, hönnuði, verktaka sem og starfsmenn sveitarfélagsins. Þannig verður áfram unnið í endurbótum kortasjárinnar og er nú sem dæmi búið að tengja kortasjána sveitarfélagsins við Skipulagssjá Skipulagsstofnunar og opna betra þannig aðgengi að samþykktu deiliskipulagi. Þá er verið að undirbúa rafræna opnun á gögn fyrir hönnuði og ráðgjafa í gegnum kortasjána sem og rafrænt byggingareftirlit. Auk þessa er stefnt að því að taka nær eingöngu á móti rafrænum teikningum á vinnslustigi frá miðju næsta ári. Það mun bæta þjónustuna ásamt því að hagræða og auðvelda og flýta fyrir þjónustu sveitarfélagsins á sviði byggingarmála. Þá er stefnt að aukinni útvistun verkefna meðal annars í byggingareftirlit í samræmi við ákvæði nýrra mannvirkjalaga.

ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADEILD

Samkvæmt skipuriti Mosfellsbæjar eru starfræktar þrjár stoðdeildir sem sameiginlega hafa það hlutverk að annast, hafa eftirlit með og aðstoða við þjónustu og stjórnsýslu bæjarfélagsins. Ásamt því að annast verkefni fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins, bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð. Miðlæg verkefni á bæjarskrifstofu eru margþætt og snúa annars vegar að innri þjónustu þ.e. þjónustu við önnur svið, deildir og starfsmenn Mosfellsbæjar og hinsvegar að ytri þjónustu en það er þjónusta við íbúa og viðskiptavinum bæjarins. Í stoðdeildunum starfa samtals 19 fastráðnir starfsmenn.

Mosfellsbær hélt sinn fyrsta starfsdag í sumar og þótti sá dagur heppnast einkar vel. Starfsfólk var ánægt með framtakið og komu í kjölfarið fram ábendingar um að halda slíkan starfsdag með einhverra ára millibili en slíkt myndi hafa jákvæð áhrif á stofnanir og endurspegla þau markmið að Mosfellsbær sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem gott er að starfa.



Áfram verður unnið með að halda stefnumótun og framtíðarsýn frá árinu 2008 á lofti og eru áherslur af hálfu mannauðsdeildar um að stýra stefnumótunarvinnu sem byggir á þeim grunni, með forstöðumönnum stofnana á komandi ári.

Í haust var hópi stjórnenda Mosfellsbæjar boðið í stjórnendabjálfun. Þetta er í fyrsta sinn sem Mosfellsbær býður stjórnendum sínum slíka bjálfun með markvissum hætti í þeim tilgangi að efla stjórnendahæfni þeirra. Bjálfunin mun standa fram á nýtt ár. Stefnt er að því að námskeið þetta verði einnig í boði á komandi ári.

Hagræðingarmöguleikar í stækkandi sveitarfélagi liggja helst í innleiðingu á tæknilegum lausnum og þróun á rafrænni stjórnsýslu. Stefnt er að því að vinna að þróun Íbúagáttar og gera átak í því að kynna hana fyrir notendum. Þá er verið að styrkja umgjörð rafrænnar þjónustu á Umhverfisviði og Fjölskyldusviði sérstaklega.


Á árinu 2016 var tekin í gagnið uppfærsla á bókhaldskerfinu Navision og á næsta ári er stefnt að því að innleiða mannauðskerfi sem tengist H3 launakerfi Mosfellsbæjar. Það kerfi mun auðvelda vinnu varðandi starfsþróunaráætlun sem stefnt er að því að klára og innleiða á komandi ári.

Vinna við að ferla í gæðakerfi Mosfellsbæjar heldur áfram. Drög hafa verið gerð að ferlum deilda og send forstöðumönnum til rýni. Sérstök áhersla var lögð á að fylgja eftir ferlum fyrir hvert svið, eins og grunnáætlanir lögðu upp með og hefur það gengið eftir. Ríflega þrjátíu ferlar eru í farveginum og stefnt er að því að flestir þeirra verði komnir inn í gæðahandbók Mosfellsbæjar fyrir árslok 2017.

**Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldusviðs,
G. Linda Udengård, framkvæmdastjóri Fræðslu- og frístundasviðs,
Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri Umhverfisviðs,
Aldís Stefánsdóttir, forstöðumaður Þjónustu- og samskiptadeildar,
Pétur J. Lockton, fjármálastjóri,
Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri.**

NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR

Hlutfallslegur kostnaður helstu málaflokka



02 - FJÖLSKYLDUSVIÐ

02010 Fjölskyldunefnd

Áformað er að nefndin haldi 12 fundi á árinu, að jafnaði einn í mánuði. Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmenn sækji landsfund jafnréttisnefnda.

02020 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Áætlunin gerir ráð fyrir samtals 7,5 stöðugildum, verkefnastjóra í 100% starfi og þremur og hálfri stöðu félagsráðgjafa, ásamt framkvæmdastjóra sviðsins. Annar launakostnaður starfsmanna á skrifstofu er vegna tveggja þroskajálfa og eins verkefnaráðsins starfsmanns. Er sá kostnaður færður á deild 02500, málefni fatlaðs fólks.

Áætlaður kostnaður vegna bakvakta, sem áður var færður til útgjalda á skrifstofuna, er nú færður á 02340, barnaverndarmál. Kostnaður vegna bakvakta nemur um 4 m.kr.

02110 Fjárhagsaðstoð

Styrkþegum fjárhagsaðstoðar hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2015. Samanburður milli janúar-september árin 2015 og 2016 sýnir tæplega 40% fækkun styrkþega og samsvarandi lækkun útgjalda. Nægt framboð á atvinnu vegur þar þyngst, ásamt aukinni áherslu á markvissari vinnu félagsráðgjafa við meðferð mála þar sem lögð er sérstök áhersla á að virkja styrkþega til þátttöku í atvinnulífinu.

Stærsti hópur styrkþega nú eru einstaklingar sem eru að mestu ófærir um að vinna vegna tímabundinna eða langvarandi veikinda eða vímuefnaneyslu. Þessi hópur þarf mikinn stuðning og



hafa starfsmenn sviðsins lagt sérstaka áherslu á að þeir fái viðeigandi aðstoð. Samvinna er um það við starfsfólk Vinnumálastofnunar. Þar fá einstaklingum sem njóta fjárhagsaðstoðar ýmis konar þjónustu sem lið í því að auka möguleika þeirra á vinnumarkaði. Til dæmis má nefna að haldið var sjálfsstyrkingar- og starfsleitarnámskeið í Mosfellsbæ.

02330 Dvalargjöld

Dvalargjöld eru útgjöld vegna vistunar- og dvalargjalda barna sem eru í fóstri, dvelja á meðferðarheimilum eða njóta niðurgreiðslna vegna leikskóladvalar samkvæmt ákvörðun fjölskyldunefndar. Kostnaður vegna starfsmanna við eftirlit með vistun barns er bókfærður á þennan lið.

Ætlaður vistunarkostnaður er metinn samkvæmt stöðu mála við gerð áætlunar, þ.e.a.s. fjölda barna, framfærslueyri vegna þeirra og þóknun til fósturforeldra samkvæmt samningi. Erfitt er að áætla útgjöld vegna dvalargjalda þar sem ekki er séð fyrir hvenær þurft getur að grípa til vistunar utan heimilis. Þá er oft um umtalsverð útgjöld að ræða.

02180 Húsaleigubætur

Hér er færð nettó útgjöld Mosfellsbæjar sem ætlað er að mæta kostnaði við sérstakan hús-næðisstuðning og uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis fyrir hina tekjulægstu sem fyrr greinir.

02340 Barnaverndarmál

Barnaverndarmál fela í sér útgjöld vegna úrræða sem gripið er til við meðferð mála einstakra barna í samræmi við barnaverndarlög. Ætluð útgjöld taka mið af stöðu málaflokksins við gerð áætlunarinnar. Áhersla er lögð á að styðja eins og unnt er við fjölskyldur þannig að börn geti dvalið heima sem lengst. Það er mat starfsmanna að fyrirkomulag þetta hafi komið í veg fyrir ráðstöfun barna í fóstur, sem ætíð er neyðarráðstöfun.

Áætlun ársins vegna þóknunar til stuðningsfjölskyldna á árinu 2017 tekur mið af útgjöldum ársins 2016.

Gert er ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna greiðslu leikskólagjalda, persónulegs ráðgjafa og tilsjónar og sérfræðiþjónustu alls 2 mkr. Lögfræðikostnaður vegna skipunar talsmanns fyrir barn er samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga. Líkt og með dvalargjöld í barnaverndarmálum er erfitt að sjá fyrir útgjöld í málaflokknum.

02410 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja

Framlög þessi eru niðurgreiðslur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja hjá Strætó bs. í samræmi við áætlun fyrirtækisins.

02420 Þjónustuhópur aldraðra

Með tilkomu Öldungaráðs var fyrirkomulagi þjónustuhópsins breytt þannig að virkt samráð er nú við fulltrúa eldri borgara, fjölskyldunefndar og fjölskyldusviðs á þeim vettvangi. Áætluðum kostnaði er ætlað að mæta útgjöldum við fræðslu- og kynningarstarf um málefni eldri borgara.

02430 Hjúkrunarheimili

Rekstrargjöld eru að mestu áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar um dagpeninga til reksturs heimilisins sem er áætlaður tæpar 350 m.kr. á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að daggjöld og rekstrarkostnaður standi á jöfnu.

02450 Þjónustumiðstöð aldraðra

Tekjur vegna húsaleigu og hússjóðs koma til af tveimur íbúðum sem Mosfellsbær er enn með leigusamning um við Eir – hjúkrunarheimili. Þar búa einstaklingar sem fluttu í húsið fyrir 1.1. 2007 þegar Mosfellsbær seldi Eir húsið. Einnig eru áætlaðar tekjur vegna leigu á snyrtistofum.

Tekjur vegna heimilishjálpar eru endurgreiðslur þeirra sem fá félagslega heimaþjónustu og greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá.

Hluti kostnaðar við tólf samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (um 7,8 mkr) er færður á félagslega heimaþjónustu.

Áætluð útgjöld taka mið af samþykktri félagslegri heimaþjónustu og þjónustu við einstaklinga í dagdvöl. Á árinu 2015 var tekið í notkun nýtt matskerfi við mat á þörf fyrir heimaþjónustu, svonefnt RAI-Home Care.

Rekstrargjöld dagdvalar eru áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Samningur Mosfellsbæjar við Eir gerir ráð fyrir að daggjöld og rekstrarkostnaður, alls um 13,7 mkr., standi á jöfnu.

02480 Félagsstarf aldraðra

Áætlunin tekur mið af rekstri starfseminnar 2016. Aðsókn að félagsstarfinu hefur aukist jafnt og þétt frá því að starfsemin flutti í nýtt og endurbætt húsnæði árið 2013. Samhliða því fékk Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni aðstöðu í sömu húsakynnum. Sem dæmi um aukin umsvif má nefna að milli árána 2014 og 2015 fjölgaði heimsóknum í handavinnustofu um rúm 33%.

Starfsmenn félagsstarfsins eru þrír, forstöðumaður og tveir leiðbeinendur í 25% starfi hvor.

Á árinu var fallið frá gjalddöku vegna þátttöku í leikfimi. Tekjur vegna þess voru óverulegar, en þátttaka hefur aukist til muna. Með þessu er undirstrikað mikilvægi heilsueflingar eldra fólks í anda stefnu Mosfellsbæjar sem heilsueflandi samfélags.

Um mitt ár 2016 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal eldri borgara. Könnunin var liður í að framfylgja verklagi um samþættingu jafnréttissjónarmiða sem var innleidd árið 2001. Þá var könnunin einnig liður í að kanna viðhorf eldri borgara til þjónustunnar, en árlegar kannanir Capacent meðal íbúa sveitarfélaga landsins hafa sýnt að þjónusta þeirra við eldri borgara skorar frekar lágt miðað við aðra þjónustu. Á það einnig við um Mosfellsbæ. Niðurstaða fyrrgreindrar



könnunar sýna að 93% þeirra sem sækja félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ (sem rekið er af bæjarfélaginu og FaMos) eru mjög eða frekar ánægðir með starfið.

02500 Málefni fatlaðs fólks – yfirstjórn

Tekjur vegna þess hluta málaflokks fatlaðs fólks, sem var færður til sveitarfélagsins í ársbyrjun 2011, eru áætlaðar tæpar 936 mkr. á árinu 2017. Haft var samráð við Jöfnunarsjóð um þá áætlun. Torvelt er þó að áætla tekjurnar af nákvæmni þar eð þær eru háðar útsvarstekjum, að hluta til í bæjarfélaginu og að hluta til á landinu öllu. Og ekki verður ljóst fyrr en í nóvember hver framlög Jöfnunarsjóðs verða til hvers þjónustusvæðis fyrir sig.

Framlag til Skálatúns er í samræmi við bráðabirgðasamkomulag Mosfellsbæjar við heimilið í september s.l. Heildargreiðsla yfir árið 2017 er áætluð liðlega 482 mkr.

Samningur er í gildi við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi. Greiðsla á árinu 2017 mun nema tæpum 38 mkr. Samningurinn tekur breytingum í samræmi við vísitölu launa. Áætlaðar tekjur bæjarins vegna þjónustu við fatlaða starfsmenn í Ásgarði með lögheimili utan Mosfellsbæjar nema á móti um 22 mkr.

Samningar við Skálatún og Ásgarð runnu út í árslok 2014. Gerður hefur verið nýr samningur við Ásgarð á sömu nótum og þann fyrri, en viðræður standa yfir um samning við Skálatún. Niðurstöður viðræðnanna kann að breyta ætluðum greiðslum á árinu 2017.

Áætlaðar eru tæpar 50 mkr. til þjónustusamninga vegna annarra einstaklinga.

02510 Málefni fatlaðs fólks

Áætluð útgjöld eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélög höfðu þegar með höndum fyrir tilfærsluna frá ríki til sveitarfélaga 2011. Einkum er um að ræða almenna liðveislu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og ferðaþjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Áætlunin um liðveislu tekur mið af útgjöldum ársins 2016 og þjónustu sem samþykkt hefur verið að veita og er gert ráð fyrir að útgjöldin lækki töluvert milli ára.

Akstur samkvæmt samningi sveitarfélaga innan vébanda SSH um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks hófst 1. janúar 2015. Samningurinn nær einnig til aksturs fatlaðra grunnskólabarna sem hófst um mitt það ár, en fjölskyldusvið og fræðslusvið hafa komið sér saman um að síðarnefnda sviðið annist stjórnsýslu og útgjöld vegna þess aksturs frá 1. janúar 2017.

Sem fyrr getur hefur ferðaþjónustan reynst mun kostnaðarsamari en vænst var og sér ekki fram á teljandi breytingu á því í bráð. Hins vegar hefur þjónustustig hækkað. Af þessum sökum er gert ráð fyrir töluvert hærri útgjöldum til ferðaþjónustu fatlaðs fólks 2017 en áætlað var fyrir árið 2016 sem fól í sér vanáætlun. Er það gert í ljósi rauntalna og er fyrirsjáanlegt á þessum lið, þrátt fyrir að kostnaður við akstur fatlaðra grunnskólabarna færist til fræðslusviðs.

02520 Frekari liðveisla (og NPA)

Útgjöld þessarar deildar eru nær eingöngu til tólf samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem gert er ráð fyrir að verði endurnýjaðir 1. janúar 2017. Hækkun milli ára frá áætlun 2016 liggur einkum í því að óhjákvæmilegt þykir að hækka tímagjald (7%) þar sem launaútgjöld notenda hækka töluvert.



Einn samningur fellur niður (annars konar þjónustu kemur í staðinn) og einn öllu minni bætist við. Á móti kostnaði við hann kemur lækkun á félagslegri heimaþjónustu, en aðstoðin hefur verið veitt undir þeim formerkjum. Að auki var einn samningur samþykktur í fjölskyldunefnd í lok árs 2015 eftir að gengið var frá fjárhagsáætlun fyrir 2016.

Meginhluti útgjalda vegna þessa er bókfærður á liðinn frekari liðveisla, en nokkur hluti sem félagsleg heimaþjónusta og almenn liðveisla sem fyrr getur. Þetta er gert til að halda aðskildum kostnaði sveitarfélagsins fyrir yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk og þeim sem kom til eftir hana. Það skiptir máli fyrir faglegt og fjárhagslegt uppgjör vegna yfirfærslunnar.

Á móti útgjöldum til NPA er gert ráð fyrir í tekjuáætlun 25% framlagi Jöfnunarsjóðs af heildar samningsupphæðum.

02564 Hulduhlíð, búsetukjarni

Hefðbundin starfsemi verður óbreytt, en starfsfólk búsetukjarnans mun frá 1. janúar 2017 annast þjónustu við einstakling, sem hingað til hefur búið við NPA-samning. Hún er all umfangsmikil og útheimtir meiri mannafla með tilheyrandi auknum kostnaði. Á móti dregur úr útgjöldum vegna NPA-samnings.

02565 Klapparhlíð, búsetukjarni

Sú breyting hefur orðið að einn íbúi flutti í eigin íbúð í nágrenninu en fær sem fyrr þjónustu frá starfsfólki kjarnans. Húsnæði sem losnar er nýtt til skammtímavistunar fyrir einn einstakling. Starfsemin er a.ö.l. óbreytt, en hækkun útgjalda milli ára er minni en sem nemur almennri hækkun á launamarkaði þar eð unnt var að spara nokkuð í mannahaldi.

02566 Þverholt, búsetukjarni

Áætlunin tekur mið af óbreyttri starfsemi. Hagræðing í vaktaskipulagi dregur nokkuð úr launakostnaði þannig að hækkun útgjalda milli ára er öllu minni en sem nemur almennri hækkun á launamarkaði.

02567 Heimili fyrir börn

Áætlað er að setja á laggirnar heimili fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þarfnast meiri umönnunar og stuðnings en fjölskyldum þeirra er unnt að veita utan skólatíma. Til þessa hefur þörfum þeirra verið mætt með umfangsmikilli skammtímavistun utan bæjarfélagsins og stuðningsfjölskyldum. Þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf þeirra fyrir þjónustu mun aukast enn frekar er talið tímabært og hagkvæmara að koma á fót sérstöku úrræði í þessu skyni. Aðrir valkostir eru þó enn til athugunar.


Við mat á kostnaðaráætlun (22 mkr.) ber að hafa í huga að útgjöld vegna núverandi tilhögunar þjónustu myndu nema viðlíka fjárhæð, að meginhluta vegna skammtímavistunar í Garðabæ.

02570 Skammtímavistun

Mosfellsbær kaupir þjónustu vegna skammtímavistunar frá Hafnarfirði og Garðabæ. Áætluð þörf er töluvert minni en 2016 því áformað er að koma á fót nýju úrræði innan sveitar, heimili fyrir börn sem áður er nefnt.

02580 Dagþjónusta

Dagþjónustan er að öllu leyti aðkeypt (Örvi – starfspjálfun í Kópavogi, Ás – vinnustofa og Bjarkarás – hæfingarstöð í Reykjavík, Vinnustofur Skálatúns og Vinnustofa Hleinar á Reykjalundi). Útgjöld taka mið af raunkostnaði áranna 2015 og 2016 og nokkuð meiri þjónustu en á árinu 2016. Þar



munar mestu um „lengda viðveru“ fatlaðra ungmenna sem stunda framhaldsskólanám í Brautarholtsskóla, en þarfnast þjónustu síðari hluta dags.

02590 Stuðningsfjölskyldur

Áætlun fyrir 2017 tekur mið af útgjöldum vegna þjónustunnar árið 2016 og ætlaðri fjölgun stuðningssólarhringa. Þessu úrræði er gjarnan teft fram vegna þess að það er tiltölulega ódýrt en mjög skilvirkt. Það kemur einnig að nokkru leyti í stað dýrrar aðkeyptrar skammtí mavistunar.

02620 Fræðslu- og forvarnarstarf

Áætlunin gerir ráð fyrir að verkefni á sviðið fræðslu- og forvarnarstarfs í málum barna séu með sama hætti og undanfarin ár.

02650 Jafnréttismál

Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku jafnréttisfulltrúa á árlegum fundi jafnréttisnefnda, auk útgjalda við jafnréttisdag Mosfellsbæjar, veitingu jafnréttisviðurkenningar, fræðslu til starfsmanna, samþættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og þarfagreiningu í frístundastarfi.

02740 Orlofssjóður húsmæðra

Áætlun er í samræmi við ákvæð laga nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

02750 Framlag til varasjóðs viðbótarlána

Um er að ræða lögbundið framlag sveitarfélagsins.

02810 Ýmsir styrkir

Árlegur styrkur til félagsmála er óbreyttur frá yfirstandandi ári, kr. 600 þús., og styrkur til FAMOS er í samræmi við samning við félagið. Þá er gert ráð fyrir greiðslum Mosfellsbæjar til Fjölsmiðjunnar í samræmi við samning þar að lútandi. Útgjöld lækka vegna þess að samkomulag ríkis og sveitarfélaga um framlag til varasjóðs húsnæðismála hefur ekki verið framlengt.

02610 Félagslegar leiguíbúðir

Áætlun vegna félagslegra íbúða tekur mið af rekstri ársins 2016. Útgjöld til viðhalds taka mið af úttekt og brýnum verkefnum til að sporna gegn frekari skemmdum á húsnæði en orðið hefur.

04/06 – FRÆÐSLUSVIÐ

Innan sviðsins er rekstur allra leik- og grunnskóla bæjarins, Listaskóla og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Auk þess er fært á sérstakar bókhaldsdeildir rekstur fræðsluskrifstofu, niðurgreiðslur til dagvistunar barna, styrkir, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir Umferðarskólann unga vegfarendur og innri húsaleiga vegna Borgarholtsskóla og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Félagsmiðstöðin Ból og Íþróttamiðstöðvarnar við Lágafell og Varmá heyra einnig undir sviðið.

04010 Fræðslunefnd

Nefndarfundir eru áætlaðir 12 á árinu, en það er sambærilegt og síðastliðin ár.

04020 Fræðsluskrifstofa

Fræðsluskrifstofa stýrir miðlægri þjónustu og samstarfi eins og sérfræðiþjónustu. Kostnaður vegna sérfræðiþjónustu er millifærður yfir á stofnanir í samræmi við nemendafjölda í hverri stofnun. Þá hefur Velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gert samning um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Kostnaður vegna þeirrar þjónustu er einnig innan skrifstofunnar. Fræðsluskrifstofa kemur að ýmsum verkefnum í formi styrkja eða samstarfs við skólana

0410x Leikskólar Mosfellsbæjar

Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir ásamt Krikaskóla þjóni öllum börnum í rúm fjögur ár frá sumri þegar börn verða 20 mánaða og til 5 ára að hausti, þegar leikskólabörn innritast í grunnskóla. Fækkun leikskólabarna er árið 2017 í fjórum af fimm leiksskólum og leiðir það til minni útgjalda en aukinn kostnaður er við leikskólann Leirvogstungu vegna fjölgunar barna í því hverfi.

Í júlí verður boðið upp á sumarskóla leikskólanna líkt og síðustu ár. Veruleg fækkun er á börnum í júlímánuði í leikskólum vegna sumarfría því kjörið að veita þjónustu í einum stað í bænum. Sumaropnunin er dæmi um framúrskarandi þjónustu við foreldra leikskólabarna sem hefur vakið athygli og ánægju íbúa. Þannig næst betri nýting á fjármagni og faglegu skipulagi leikskólastarfs.

04190/02190 Niðurgreiðsla leikskólagjöld,

Félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda er bókuð á lykil 02190 og eru þær niðurgreiðslur tekjutengdar. Tekjuviðmið hækka í samræmi við launavísitölu einu sinni á ári. Það er sama aðferðarfræði og er við lýði í nágrannasveitarfélögum sem hafa tekjutengt afslætti. Gert er ráð fyrir niðurgreiðslu leikskólagjalda hjá einkareknum leikskólum og dagforeldrum. Einnig er hér bókaður kostnaður vegna niðurgreiðslna til dagforeldra. Kostnaður vegna systkinaafsláttar í frístundaseljum grunnskólanna, sem og greiðslur vegna leikskólabarna sem njóta leikskólaþjónustu í öðrum sveitarfélögum.

0420x Grunnskólar

Grunnskólanemendum fjölgar milli ára og er fjölgunin einkum hjá Varmárskóla vegna fjölgunar barna Leirvogstungu og í Helgafellshverfi. Brúarland er undanfari Helgafellsskóla og tók til starfa haustið 2016 með kennslu fyrir 1. og 2. bekk. Haustið 2017 er gert ráð fyrir kennslu 1.-4. bekkjar.



Nemendafjöldi í frístundaseljum hefur farið vaxandi síðastliðið ár. Lagt er að að aukið verði fjármagn til frístundaselsins við Varmárskóla í takt við fjölgun og óska foreldra.

Nemendum með sérþarfir fer fjölgandi í grunnskólum og því verður sérstök áhersla lögð á endurskoðun á skipulagi sérfræðipjónustunnar innan allra skólanna.

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar er í takt við samþykktar stefnur sveitarfélagsins í fræðslumálum. Innan grunnskólanna starfar metnaðarfullt starfsfólk sem býr yfir fagkunnáttu og uppeldisreynslu. Stefnt er að því að auka sveigjanleika í skólastarfi þar sem horft er til samþættingar skóla- og frístundastarfs

04270 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda

Inn á þennan bókhaldslið eru færð útgjöld vegna skólavistar grunnskólanemenda í öðrum skólum, utan sveitarfélagsins. Kostnaður vegna þjónustu sem sótt er til Reykjavíkur vegna barna með fötlun er töluverður og hafa þau aldri verið fleiri. Því til viðbótar er gert ráð fyrir hækkun milli ára í almennu gjaldi.

Einnig er hér gert ráð fyrir miðlægum kostnaði vegna þjónustu við börn með sérþarfir. Hér er einnig að finna fjármagn fyrir frekari tækni- og tölvuvæðingu skólanna. Kostnaður vegna nýbreytni verkefnisins um aukna ungbaraþjónusta er einnig á þessum lið.

04290 Flutningur nemenda

Kostnaður vegna skólaaksturs eykst vegna verðlagsbreytinga og vegna fjölgunar nemenda. Um er að ræða akstur vegna frístundastarfs, almennan skólaakstur til og frá Varmárskóla, greiðsla í almenningsvagna, akstur í íþróttahúsið að Varmá úr Lágafellsskóla, akstur vegna leikskóla og vegna Krikaskóla. Hér bætist einnig við skólaakstur fyrir nemendur í Klettaskóla.

Mesta hækkunin felst í því að frá og með 1. janúar 2017 tekur fræðslu- og frístundasvið yfir skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna í og úr sérskóla utan Mosfellsbæjar. Þessi kostnaðarliður var áður á hendi fjölskyldusviðs en með yfirfærslunni er allur skólaakstur á einu sviði. Að auki akstur frá skóla og á frístundaheimili. Þessum akstri fylgir kostnaður vegna starfsmanns sem þarf að vera í bílnum með bílstjóra sem og sérúrræði vegna eins nemanda sem vegna sérstakra aðstæðna þarf að ferðast einsamall í bifreið.

Fyrirhugað er útboð á skólaakstri vorið 2017 og gert er ráð fyrir auknum kostnaði í kjölfarið.



04410 Borgarholtsskóli

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í Borgarholts-skóla er eignfærður.

04420 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í framhaldsskólanum er eignfærður.

04510 Listaskóli Mosfellsbæjar

Á þessum lið er færð fjárhagsáætlun Listaskólans sem samanstendur af rekstri tónlistarskóla auk greiðslum til Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellsbæjar. Kostnaður vegna nemenda í framhaldsnámi er færður alfarið á skólann, en jafnframt berast greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna þessarar kennslu. Samkomulag Sambandsins við ríkið um framhald um tónlistarnemendur í framhaldsnámi er þannig úr garði gert að Mosfellsbær borgar með verkefninu. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum í Listaskólanum. Fjármagni verður veitt til að taka á móti fleiri nemendum í Listaskólanum (Tónlistarskólanum) á árinu þar sem sérstaklega verður stefnt að aukinni hópkenndu í samstarfi við grunnskólana.

04520 Umferðarskólinn ungir vegfarendur

Samningur við umferðarráð og umferðarkennsla 5 ára barna að vori er færður til kostnaðar á þessa bókhaldsdeild.

04530 Skólahljómsveit

Hér er færður allur kostnaður við rekstur Skólahljómsveitar en hún er staðsett í Varmárskóla. Í ár er gert ráð fyrir auknu fjármagni til að endurnýja hljóðfæri.

04810 Ýmsir styrkir

Hér er greitt fyrir samninga vegna íslenskukennslu erlendra borgara á Íslandi, sem gert er ráð fyrir að aukist á árinu. Hér er líka gert ráð fyrir styrk til Íþróttakademíu FMOS, vegna hestabrautar.

06 – Frístundaskrifstofa

Stofnanir á sviðinu eru færðar á 18 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2017. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk, en mikið samstarf er milli stofnana á sviðinu og milli sviða. Innan sviðsins eru meðal annars skrifstofa frístundasviðs, Íþrótt- og tómstundaskóli Mosfellsbæjar, Vinnuskóli Mosfellsbæjar, Félagsmiðstöðin Ból, Íþróttamiðstöðin að Varmá og Íþróttamiðstöðin Lágafell. Auk þess er færður á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis kostnaður, svo sem kostnaður vegna skólagarða og tjaldsvæðis sem og annarra íþróttamannvirkja, gervigrasvallar við Varmá og skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, en einnig rekstur og styrkir til félaga og vegna íþrótt- og tómstundamála, auk útgjalda vegna íþrótt- og tómstundanevndar.

06010 Íþrótt- og tómstundanevnd

Gert er ráð fyrir 9 fundum árið 2017 en það er sambærilegt og síðastliðin ár.

06020 Frístundaskrifstofa

Launa- og rekstrarkostnaður skrifstofunnar er færður hér inn. Þá er færður húsaleigukostnaður og hluti kostnaðar vegna frístundaverkefna eins og greiðslur vegna kostnaðar við íþróttafjör.

06240 Íþrótt- og tómstundaskóli

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna sumarnámskeiða í Mosfellsbæ. Einnig er hér bókfærður kostnaður vegna fatlaðra barna í vetrarfrístund við Klettaskóla.

06270 Vinnuskóli

Vinnuskólinn gerir ráð fyrir venjubundinni starfsemi fyrir 13-16 ára aldurshópinn. Gert er ráð fyrir að sumarvinna ungmenna 16 ára og eldri dragist saman vegna batnandi árferðis á almennum vinnumarkaði. Á vinnuskólann eru einnig færðar til gjalda greiðslur til ungmenna sem fá styrk frá bænum til að stunda íþróttir, tómstundir og listir yfir sumartímann.

06310 Félagsmiðstöðin Ból

Starfssemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir börn og unglinga í Lágafellsskóla og Varmárskóla verður með svipuðum hætti og síðastliðið ár. Stefnt er að auka enn meir samvinnu við grunnskólana um ýmis verkefni. Hér hefur verið gert ráð fyrir auknum launakostnaði vegna tómstunda- og félagsstarfs fyrir ungmenni 16 ára og eldri. Leitað verður eftir samstarfi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ við uppbyggingu á starfinu í anda hugmyndafræði ungmennahúsa. Kostnaður á þessum lið er launakostnaður vegna starfsmanns í hlutastarfi.

06510 Íþróttamiðstöðin að Varmá

Tekjur vegna leigu, aðgangaeypri, vörusölu og fleira lækkar örlítið milli ára. Það helgast fyrst og fremst af því að Reykjavíkurborg er hætt að leigja sundlaugina fyrir Ingunnarskóla. Millifærslur hækka þar sem skólar og íþróttafélög og félag eldri borgara hafa aukið notkun sína á íþróttasölum. Nýr klórgerðarbúnaður verður tekinn í notkun á árinu og mun hann lækka rekstrarkostnað. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni vegna endurnýjunar á búnaði til íþróttakennslu.

06580 Íþróttamiðstöðin Lágafell

Lágafellslaug er ein vinsælasta sundlaug landsins. Gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna aukinnar aðsóknar í laugina og gesta í líkamsræktina World Class. Launakostnaður eykst vegna



aukinnar aðsóknar og fjölgunar starfsmanna á álagstímum um kvöld og helgar. Viðhalds- og þjónustukaupaliðir hækka meðal annar vegna kaupa á nýrri ræstingavél og aukinna þrifa. Stefnt er að því að festa kaup á lyftu fyrir einstaklinga með fötlun. Nýr klórgerðarbúnaður verður tekinn í notkun á árinu og mun hann lækka rekstrarkostnað.

06610 Íþróttavöllurinn Tungubökkum

Mosfellsbær rekur íþróttaaðstöðuna við Tungubakka. Hér eru millifærð leigugjöld vegna vallanna og búningaáðstöðu og rekstrargjöld vegna viðhalds vallarins.

06620 Gervigrasvöllurinn að Varmá

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna gervigrasvallarins að Varmá, rafmagni, hita og viðhaldi/rekstri. Þá hafa tekjur vegna vallarins einnig verið færðar hér. Aukið fjármagn er til viðhalds á vellinum meðal annars til viðgerða á gervigrasvelli.

068xx Íþrótt- og tómstundafélög

Á árinu 2013 voru gerðir tímamótasamningar við íþrótt- og tómstundafélög Mosfellsbæjar og gilda þeir til 2017. Framlöggin í samningunum eru vísitölutryggð og hækka þar af leiðandi. Samningar renna út í lok árs 2017. Samningarnir eru skýrir og gegnsæir og með þeim er félögunum tryggt fé til reksturs. Fjármagnið er eyrnamerkt er ákveðnum starfspáttum innan félaganna eins og barna- og unglingastarfi.

Skátafélagið er komið í eigið húsnæði og gert er ráð fyrir framlagi vegna notkunar á þess í samræmi við önnur félög í bænum.

06850 Stjórn skíðasvæða

Kostnaður vegna uppbyggingar Bláfjalla og Skálafells er í samræmi við samninga og samkomulag sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og rekstur svæðanna hverju sinni. Nýr samningur var undirritaður á haustdögum 2016.

06890 Ýmsir styrkir.

Lagt er til að frístundaávisun muni hækka frá hausti 2017. Hér eru einnig færð til bókar önnur félög sem ekki hafa sérdeildir innan fjárhagsáætlunar eins og skíðadeild KR og Mótomos.



03/08/09/10/11/31/33/43/47/63 UMHVERFISSVIÐ

Starfsemi umhverfissviðs er færð á um 80 mismunandi bókhaldsdeildir. Hér koma skýringar við þær deildir þar sem eru breytingar milli ára eða að sérstakra upplýsinga er þörf. Skýringar á deildum umhverfissviðs eru því sem hér segir :

03110 Heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósar

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósarhrepps. Áætlunin byggir á greinargerð nefndarinnar sjálfrar.

08210 Sorphirða

Gert er ráð fyrir hækkun sorphirðugjalds í samræmi við hóflega verðlagsþróun eða 1.000 kr. hækkun gjalds milli ára. Þjónustustig hefur aukist talsvert á undanförunum árum með innleiðingu blárra tunna, aukinni sorphirðu og fjölgun og breytingu grenndarstöðva þar sem gert er ráð fyrir flokkun sorps í fleiri flokka. Vegna talsverðrar fjölgunar heimila í sveitarfélaginu má gera ráð fyrir magnaukningu í sorphirðu á næstu árum.

08230 Sorpeyðing

Undir þessum lið eru færðar greiðslur til byggðasamlagsins SORPU í samræmi við eigendasamkomulag. Kostnaður skiptast í eftirtalda þrjá meginliði; rekstur endurvinnslustöðva, rekstur grenndargáma og móttöku sorps. Hækkun er á liðnum umfram verðlagsþróun er vegna breytinga á endurvinnslu- og grenndarstöðvum, framkvæmda á vegum SORPU bs. og lántökur sem eru þeim tengdar. Aukning kostnaðarliða endurvinnslustöðva SORPU nemur um 25% síðastliðin ár en það stafar aukningu á magni úrgangs milli ára, en komum á stöðvarnar hefur fjölgað gríðarlega að undanförunu.

09020 Skrifstofa bæjarverkfræðings

Umfang rekstrar er svipað og verið hefur síðastliðin ár. Þó er gerð sú áherslubreyting að hluti stöðugildis er fært frá byggingafulltrúa til skrifstofunnar til þess að leggja meiri áherslu á innsetningu rafrænna gagna landupplýsingakerfi sveitarfélagsins og að gera þau aðgengilegri fyrir íbúa bæjarins.

09110 Mæling, skráning og kortagerð

Kostnaður við rekstur landupplýsingakerfis og tengdra gagnagrunna er færður undir þennan lið. Tekjur koma frá veitum enda er í kerfið færðar inn allar teikningar og breytingar af götum og veitukerfum í sveitarfélaginu sem og öllum öðrum mannvirkjum. Búið er að innleiða ábendingakerfi sem tengt er kortagrunni á heimasíðu og opna inn á gagnasjá þar sem teikningar fasteigna eru vistaðar. Þá er áfram stefnt að endurbótum og aukningu gagna kortasjár sem verður til mikilla bóta fyrir íbúa, hönnuði, húsbyggjendur, fasteignasala og aðra þá sem sækja umrædd gögn til sveitarfélagsins.

09010 Skipulags- og byggingarnefnd

Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda funda árið 2017 og var árið 2016 í skipulagsnefnd. Mjög líflegt hefur verið í skipulagsmálum síðastliðin tvö ár og er ekki að sjá að nokkurt lát sé þar á.



09230 Deiliskipulag

Vegna aukinna verkefna er í meira mæli nýtt þjónusta ráðgjafa við gerð deiliskipulaga á vegum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir aukningu útgjalda vegna þess. Meginhluti vinnu við deiliskipulag er þó í höndum starfsmanna sviðsins.

09240 Svæðisskipulag

Ráðgert er að hlutdeild Mosfellsbæjar í gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið verði á svipuðum nótum og á síðastliðnu ári. Kostnaður hefur þó farið örlítið hækkandi.

09520 Byggingaeftirlit

Hér undir færast tekjur af byggingarleyfisgjöldum og útgjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa. Gert er ráð fyrir hækkun útgjalda til málaflokksins frá síðasta ári en á sama tíma eru tekjur að aukast umtalsvert vegna fjölgunar byggingarleyfisumsókna í nýjum hverfum Mosfellsbæjar. Á árinu 2017 verður byggingaeftirlit í meira mæli rafrænt og aðkeypt en verið hefur.

10030 Sameiginlegur kostnaður

Verktakakostnaður eykst aðeins milli ára en síðustu ár hefur gatnakerfi Mosfellsbæjar stækkað þó nokkuð, annars vegar með tilkomu nýrra hverfa og hins vegar vegna yfirtöku héraðsvega frá Vegagerðinni. Gert er ráð fyrir svipuðu þjónustustigi og verið hefur á undanförunum árum.

10310 Götulýsing

Gert er ráð fyrir að kostnaður við götulýsingu verði svipaður og á síðasta ári. Magnaukning helst í hendur við fjölgun gatna og staura í stækkandi bæjarfélagi.

10510 Gangbrautir og umferðarmerki

Gangbrautir og umferðarmerki er liður sem lítillaga milli ára. Umferðarskiltum verður skilyrðislaust að viðhalda og hafa í góðu ásigkomulagi sem og gatnamerkingum og öðrum leiðbeiningum til vegfarenda. Hér er um að ræða mikilvægan öryggisþátt sem ekki er mögulegt að gefa afslátt af.

10610 Snjómokstur og hálkueyðing

Gert er ráð fyrir að þjónustustig snjó- og hálkueyðingar verði svipað og 2016. Síðasta ár var þó óvenju þungt í snjómokstri og eru vonir bundnar við að 2017 verði nær meðalári. Kostnaður við þennan lið hefur þó aukist umtalsvert vegna veðurskilyrða á síðustu árum.

10710 Strætó

Áætlun fyrir árið 2017 vegna hlutdeildar Mosfellsbæjar í akstri Strætó bs. á skilgreindum leiðakerfum höfuðborgarsvæðisins er í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlunar í stjórn Strætó bs.

10720 Biðskýli

Gert er ráð fyrir að viðhald eldri biðskýla verði með svipuðum hætti og verið hefur síðastliðin ár, þ.e. að biðskýlin eru máluð þegar þörf krefur og skipt um gler, staura, bekki og annað sem skemmist eftir þörfum, ásamt því að eitt skýli verði endurnýjað á árinu 2017.

11010 Umhverfisnefnd

Gert er ráð fyrir 11 fundum í umhverfisnefnd árið 2017 eða sama fjölda og á síðasta ári. Verkefni sem tilheyra þessum málaflokki hafa aukist á síðustu árum og eru jafnframt bæði þyngri og fyrirferðarmeiri. Er það almennt í takt við breytta þjóðfélagsmynd og breytingar á lagaumhverfi.

11020 Umhverfisdeild og Staðardagskrá

Hér er um að ræða verkefni í tengslum við Staðardagskrá 21 og aðra alþjóðlega samninga er varða umhverfisvernd. Tenging á verkefninu Heilsueflandi samfélag, með dreifingu á fjölnota innkaupapokum og flokkun sorps með áherslu á endurnýtingu þóttist takast vel á síðasta ári.

11310 Garðyrkjudeild

Starfsemi garðyrkjudeildar er árstíðabundin en á vorin og sumrin starfa í þessari deild góður hópur ungmenna sem sinna umhirðu grænna svæða. Til þess að halda í við stækkun bæjarfélagsins og þar með fjölgun opinna svæða með tilkomu nýrra hverfa þarf talsverða útsjónarsemi. Vinna þarf áfram í stefnumótun málaflokksins og gera fleiri svæði sjálfbær í umhirðu til þess að hægt verði að nýta fjármuni betur.

11410 Opin svæði

Verktakakostnaður eykst vegna aukins grassláttar en það fylgir stækkun bæjarins og fjölgun opinna svæða. Umhirðustig verður svipað og verið hefur undanfarin ár. Með tilkomu græns skipulags, sem vonandi verður komið vel á veg á árinu 2017, kunna þó að verða áherslubreytingar á umhirðu mismunandi svæða.

11430 Leikvellir

Stefnt er að svipuðu umhirðustigi leikvalla og verið hefur síðastliðin ár. Endurnýjun leiktækja verður metin í samræmi við þörf.

11440 Garðlönd

Gert er ráð fyrir að umfang garðlanda verði með minna móti en undanfarin ár, þannig falla nú brott garðlönd við Desjamýri en reynt verður að finna annað sambærilegt svæði. Ekki gert ráð fyrir aukningu þar sem hámarki í fjölda úthlutaðra garða var náð árið 2011 og eftirspurn hefur farið minnkandi síðan.

31100 Skrifstofa Eignarsjóðs

Rekstur Eignarsjóðs verður með svipuðu sniði og verið hefur á undanförunum árum. Þó er rekstrar- og viðhaldspáttur nú að mestu leyti staðsettur í þjónustustöð þar sem deildarstjóri og yfirmaður trésmiðju stýra daglegum verkefnum.



MÁLAFLOKKUR 33 – ÞJÓNUSTUSTÖÐ

33230 Daglaunamenn

Kostnaður við daglaunamenn breytist að litlu leyti milli ára en nokkur breyting hefur orðið á mannskap síðustu árin þar sem eldri starfsmenn hafa látið af störfum.

33240 Trésmiðja

Gert er ráð fyrir hækkun kostnaðar milli ára sem stafar af stærstum hluta til vegna starfsmats kjarasamninga. Trésmiðja hefur verið stoðdeild fyrir Eignasjóð sem gert hefur það að verkum að mögulegt hefur verið að hagræða í smíðakostnaði. Sparnaður skilar sér af deildinni í formi lægri viðhaldskostnaðar Eignasjóðs.

MÁLAFLOKKUR 43 – VATNSVEITA

43210 Almennur rekstur Vatnsveitu

Mikil fjölgun í lagningu heimæða gerir það að verkum að rekstur veitu eykst aðeins að umfangi. Unnið verður áfram að þróun kerfis og átaksverkefnum í samræmi við þróunarskýrslu Vatnsveitu Mosfellsbæjar frá 2014.

43220 Keypt kalt vatn

Gert er ráð fyrir lítilsháttar aukningu í kaupum á köldu vatni milli ára. Stefna þarf að nýjum samningum um vatnskaup og lækkun kostnaðar á aðkeyptu vatni. Ennfremur er gert ráð fyrir að Laxnesdý verði komin í meiri notkun eftir endurnýjun lagna í Mosfellsdal árið 2017.

43230 Viðhald veitukerfis

Þá verður áfram unnið að því að finna leka auk annarra viðgerða á kerfinu. Umfang viðhalds er að öðru leyti óbreytt á milli ára.

MÁLAFLOKKUR 65 – FRÁVEITA

65120 Holræsi og niðurföll

Umfang rekstrar holræsa og niðurfalla eykst nokkuð milli ára. Aukinn kostnaður er m.a. vegna framkvæmda Veitna ohf við endurnýjun kerfis.

65420 Hreinsun rotþróa

Gert er ráð fyrir lækkun kostnaðar við hreinsun rotþróa milli ára vegna fækkunar rotþróa.



05/07/08/13/21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR, ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, FJÁRMÁLADEILD OG MANNAUÐSDEILD

Á eftirtalda liði er færður kostnaður vegna málaflokka sem eru á forræði forstöðumanna í Þjónustu- og samskiptadeild, Mannauðsdeild og Fjármáladeild. Málaflokkarnir eru margvíslegir og fela í sér menningartengd verkefni, kynningarmál og almennan skrifstofurekstur, mannauðs- og launamál ásamt allri umsýslu er tengjast fjármálum bæjarins. Stofnanirnar sem tilheyra deildunum eru: Bæjarskrifstofur, Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn.

Færður er á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis menningarkostnaður, kostnaður við fasta árlega menningarviðburði, kostnaður vegna fornleifaverkefnis, Lista- og menningarsjóð, vinabæjartengsl, bæjarhátíðina "Í túninu heima" og þróunar- og ferðamál. Á sviðið er einnig færður kostnaður vegna reksturs Héraðsskjalasafns.

Síðustu ár hefur verið unnið að innleiðingu skipulagsbreytinga sem hafa haft í för með sér breytingar á bókhaldsdeildum og meðal annars þannig að allur sameiginlegur kostnaður við upplýsingatækni er nú bókaður á sér deild. Markmiðið er að haga framsetningu á rekstrartölum deilda þannig að kostnaður þeirra sé gerður upp með gegnsæjum hætti.

05010 Menningarmálanefnd

Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda nefndarfunda samanborið við árið 2016.

05110 Bókasafn

Rekstur bókasafns verður með óbreyttu sniði milli ára. Bókasafnið og Listasalur Mosfellsbæjar halda áfram að vera í fararbroddi menningarmála á vegum sveitarfélagsins, enda mikilvægur samkomustaður bæjarbúa, bæði í félagslegum, menningarlegum og listrænum tilgangi.

05510 Lista- og menningarsjóður

Áætlað er að framlag bæjarins í sjóðinn verði aukið í 2,5 mkr. en menningarmálanefnd ber að gera starfsáætlun fyrir sjóðinn fyrir lok janúar ár hvert.

05520 Listasalur

Hér er bókfærður kostnaður við Listasal Mosfellsbæjar þ.e. innkaup og þjónusta. Starfsmenn salarins eru starfsmenn Bókasafns og hefur forstöðumaður Bókasafns yfirumsjón með rekstri Listasalarins.

05720...90 Hátíðahöld

Gert er ráð auknum umsvifum á árinu 2017 vegna 30 ára afmælis Mosfellsbæjar. Viðburðir vegna þess eru ekki komnir í farveg en til stendur að mynda teymi starfsmanna deildarinnar til að halda utan um áherslur tengda afmælinu. Stefnt er að því að kostnaður og umfang viðburða eins og Þrettándabrennu, Sumardaginn fyrsta, Menningarvor og Í túninu heima verði með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár.

Bæjarhátíðin *Í túninu heima* er stærsti viðburður ársins og innan hennar eru nokkrir viðburðir sem mynda saman skemmtilega heild. Tindahlaupið er einn af þeim en það er samstarfsverkefni



Mosfellsbæjar og Björgunarsveitarinnar Kyndils. Hlaupið er eitt af stærstu tækifærum Mosfellsbæjar á innlendri og erlendri kynningu á aðstöðu til hreyfingar í okkar fallega bæjarstæði. Í ár voru í fyrsta sinn skráðir 5 erlendir hlauparar. Kjúklingafestivalið tengist atvinnulífinu með beinum hætti og er það annar viðburður sem virðist vera kominn til að vera. Enn er gert ráð fyrir að aflað verði tekna hjá styrktaraðilum við bæjarhátíðina. Væntingar eru um að hægt verði að efla samstarf við félög og fyrirtæki í bænum enn frekar á komandi ári.

05880 Aðrir styrkir

Hér eru bókfærðir almennir styrkir til félaga vegna húsaleigu og framlög bæjarsjóðs í Lista- og menningarsjóð. Framlög eru með sama hætti og síðasta ár fyrir utan 500 þúsund króna hækkun í Lista- og menningarsjóð. Gert er ráð fyrir að laun bæjarlistamanns séu greidd af þessum lið. Húsaleiga er nú einnig færð til bókar sem styrkur, fyrir afnot lista- og menningarfélaga af húseignum bæjarfélagsins.

05310 Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Um er að ræða hefðbundinn rekstur sem segja má að samanstandi af tveimur megin útgjaldaliðum þ.e. launum og húsaleigu. Héraðsskjalavörður starfar í fullu starfi á safninu sem hefur orðið til þess að hægt hefur verið að komast í það að flokka og skrá inn gögn sem beðið hafa árum saman í kössum. Verkefnið er ærið en sækist í rétta átt.

07210 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins SHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs slökkviliðsins samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn SHS og vísast til áætlunarinnar sjálfar til úrskýringar á einstökum liðum hennar.

07410 Almannaavarnir höfuðborgarsvæðisins AHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs almannaavarna samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn AHS og vísast til áætlunarinnar sjálfar til úrskýringar á einstökum liðum hennar.


13010 Þróunar og ferðamálanefnd

Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda nefndarfunda og verið hefur síðustu ár. Verkefni Mosfellsbæjar í tengslum við þróunar- og ferðamál eru með svipuðum hætti og sl. ár. Eftirlit með rekstri tjaldstæðis er hluti af verkefnum nefndarinnar, en tjaldstæði er bókfært á íþrótt- og tómstundasviði.

Helstu verkefni nefndarinnar er umsjón og eftirlit með Heilsueflandi samfélagi sem er verkstýrt af Heilsuvin ehf. Kostnaður vegna þeirrar þjónustu er bókfærður á nefndina sjálfa. Verkefnið Heilsueflandi samfélag er þróunarverkefni sem Mosfellsbær var fyrst íslenskra sveitarfélaga til að innleiða. Síðan þá hafa mörg sveitarfélög fetað sömu leið. Fjórða innleiðingarárið hefst á árinu 2017 þar sem lögð verður áhersla á lífstíl og forvarnir.

21010..820 Sameiginlegur kostnaður

Hér er á ferðinni allur hefðbundinn yfirstjórnarkostnaður s.s. bæjarstjórn, bæjarráð og allur almennur skrifstofukostnaður. Kostnaðarhlutdeild B-hluta stofnana bæjarins í sameiginlegum



kostnaði bæjarins hefur verið tekjufærð hjá málaflokknum og að sama skapi gjaldfærð hjá viðkomandi stofnunum.

21410 Þjónustu- og samskiptadeild

Undir þessum lið er bókaður launakostnaður vegna starfsmanna í Þjónustu- og samskiptadeild auk bæjarstjóra. Í þjónustu og samskiptadeild starfa tíu starfsmenn í rúmlega níu stöðugildum. Þar teljast þjónustufulltrúar, matráður, skjalastjóri, lögmaður og forstöðumaður. Rekstur bæjarskrifstofu þ.m.t. mötuneyti, öryggisgæsla, þjónustuver, húsaleiga og rekstrarvörur er bókaður hér. Gert er ráð fyrir svipuðum útgjöldum á milli ára.

21420 Fjármáladeild

Fjármáladeild sér um alla umsýslu með fjármál bæjarins. Í deildinni starfa fimm starfsmenn í fjórum stöðugildum auk fjármálastjóra. Hér er um að ræða verkefni eins og bókhald, greiðslu reikninga, innheimtu fasteignagjalda og annarra gjalda. Verkstjórn á fjárhagsáætlanagerð og viðaukum ásamt umsjón með útgáfu skuldabréfa. Samskipti við fjármálastofnanir, verðbréfafyrirtæki og endurskoðendur. Auk þess að bera ábyrgð á og hafa umsjón með árshlutauppgjörum og ársreikningi.

21430 Mannauðsdeild

Mannauðsdeild veitir öllum deildum, stofnunum og sviðum bæjarins ráðgjöf í launasetningu, áætlanagerð, samningagerð og mannauðstengdum málum. Þar eru þrír starfsmenn auk mannauðsstjóra sem veitir deildinni forstöðu. Hér er bókaður sameiginlegur námskeiðakostnaður vegna endurmenntunar starfsmanna. Kostnaður vegna starfsmannatrygginga er einnig bókaður hér.

21450 Upplýsingatækni

Hér er bókaður kostnaður vegna leigu og þjónustu við hugbúnað sem notaður er af starfsmönnum stöðdeilda. Þar má telja til Navision fjárhagskerfi, Tímon, vefumsjónarkerfi, OneSystems skjalavistunarkerfi o.s.fr. Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði á milli ára með tilliti til gildandi samninga.

Samantekið - A og B hluti

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	4.818.551	5.493.629	5.921.906	6.120.089	6.343.944	6.594.319
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.447.985	1.367.926	1.507.219	1.555.450	1.617.668	1.680.757
Þjónustutekjur.....	1.960.560	1.933.504	2.135.425	2.192.952	2.297.565	2.407.134
	8.227.096	8.795.059	9.564.550	9.868.491	10.259.177	10.682.210
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	3.766.988	4.075.771	4.388.972	4.508.862	4.661.508	4.816.413
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	157.916	95.000	124.000	124.000	124.000	124.000
Annar rekstrarkostnaður.....	3.400.923	3.470.868	3.840.146	3.934.269	4.083.674	4.239.879
	7.325.827	7.641.639	8.353.118	8.567.130	8.869.182	9.180.292
Framlegð	901.269	1.153.420	1.211.432	1.301.360	1.389.994	1.501.919
Afskriftir.....	347.116	343.508	328.044	345.706	361.135	377.500
	554.153	809.912	883.387	955.654	1.028.859	1.124.418
Niðurstaða án fjármagnsliða	554.153	809.912	883.387	955.654	1.028.859	1.124.418
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(497.269)	(475.910)	(653.467)	(632.742)	(567.952)	(535.236)
Tekjuskattur.....	(29.098)	(21.500)	(29.050)	(30.096)	(31.179)	(32.208)
Rekstrarniðurstaða.....	27.786	312.501	200.870	292.816	429.728	556.974

Samantekið - A og B hluti

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	10.115.008	10.242.379	10.757.014	11.247.260	11.357.251	11.749.803
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	2.944.777	3.005.555	2.934.349	2.939.116	3.041.759	3.120.527
Vélar, áhöld og tæki	33.516	35.042	36.714	36.140	34.516	31.842
Leigugeignir	107.500	187.846	160.701	133.555	106.409	79.263
	13.200.801	13.470.822	13.888.777	14.356.071	14.539.936	14.981.435
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	249.018	248.768	249.018	249.018	249.018	249.018
Skatteign	28.441	28.441	28.441	28.441	28.441	28.441
Langtímakröfur	872.073	824.435	808.427	801.114	800.700	800.619
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
	1.149.532	1.101.644	1.085.886	1.078.573	1.078.159	1.078.078
Fastafjármunir	14.350.333	14.572.466	14.974.663	15.434.644	15.618.095	16.059.513
Veltufjármunir:						
Birgðir.....	4.044	4.044	4.044	4.044	4.044	4.044
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	519.391	519.391	519.391	519.391	519.391	519.391
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0 (0) (0)			0 (0) (0)		
Aðrar skammtímakröfur	451.048	451.048	451.048	451.048	451.048	451.048
Næsta árs afborganir langtímakrafna	30.256	45.291	45.283	34.172	22.275	20.572
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirt.	0	0	0	0	0	0
Handbært fé.....	17.679	73.654	145.849	164.131	210.130	171.880
Veltufjármunir	1.022.418	1.093.428	1.165.616	1.172.786	1.206.888	1.166.936
Eignir samtals	15.372.751	15.665.894	16.140.279	16.607.430	16.824.983	17.226.449

Samantekið - A og B hluti

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Eigið fé.....	4.147.390	4.460.170	4.661.290	4.954.107	5.383.834	5.940.809

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar.....	1.272.947	1.332.947	1.411.947	1.480.947	1.539.947	1.588.947
Aðrar skuldbindingar.....	5.125	0	0	0	0	0
	1.278.072	1.332.947	1.411.947	1.480.947	1.539.947	1.588.947

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	7.603.700	7.957.368	8.149.124	8.199.009	8.134.766	7.906.375
Leiguskuldir.....	194.538	176.809	159.472	139.972	118.108	94.724
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
	7.798.238	8.134.177	8.308.595	8.338.980	8.252.874	8.001.099

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	471.056	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	727.242	787.795	806.732	880.834	695.064	741.659
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	23.272	23.323	24.233	25.081	25.784	26.454
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0 (	0)	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	927.481	927.481	927.481	927.481	927.481	927.481
	2.149.051	1.738.599	1.758.446	1.833.396	1.648.328	1.695.594

Skuldir og skuldbindingar samtals	11.225.361	11.205.724	11.478.989	11.653.323	11.441.149	11.285.640
-----------------------------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------

Eigið fé og skuldir samtals	15.372.751	15.665.894	16.140.279	16.607.430	16.824.983	17.226.449
------------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Samantekið - A og B hluti

Sjóðstreymisýfirlit

Rekstrarhreyfingar:

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Niðurstaða ársins.....	27.786	312.501	200.870	292.816	429.728	556.974
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	347.116	343.508	328.044	345.706	361.135	377.500
Verðbætur og gengismunur	144.671	151.582	299.774	277.163	222.046	198.796
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(370) (0)		0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	11.532	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum	157.926	95.000	124.000	124.000	124.000	124.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	688.662	902.591	952.688	1.039.685	1.136.909	1.257.270

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Birgðir, lækkun (hækkun)	693	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(49.615)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(178.681)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	46.850	0	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(36.363) (40.125) (45.000)			(55.000) (65.000) (75.000)		
Breytingar á rekstart. eignum og skuldum	(217.116) (40.125) (45.000)			(55.000) (65.000) (75.000)		
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	471.546	862.466	907.688	984.685	1.071.909	1.182.270

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(584.423) (613.000) (746.000)			(813.000) (545.000) (819.000)		
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	1.500	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	(54.191)	49.126	45.515	45.502	34.362	22.463
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(637.115) (563.874) (700.485)			(767.498) (510.638) (796.537)		

Fjármögnunarhreyfingar:

Greiddur arður.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0	0 (0)	
Tekin ný langtímalán.....	983.076	1.000.000	700.000	650.000	400.000	300.000
Afborganir langtímalána.....	(738.703) (771.562) (835.008)			(848.906) (915.271) (723.984)		
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0 (0)		0 (0)		0
Skammtímalán, breyting.....	(75.491) (471.056)	0		0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	168.882 (242.618) (135.008)			(198.906) (515.271) (423.984)		

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	3.313	55.975	72.195	18.281	46.000 (38.250)	
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	14.366	17.679	73.654	145.849	164.131	210.130
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	17.679	73.654	145.849	164.131	210.130	171.880

Samantekið - A og B hluti

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Lykiltölur						
Í hlutfalli við tekjur						
Skatttekjur	58,6%	62,5%	61,9%	62,0%	61,8%	61,7%
Framlög jöfnunarsjóðs	17,6%	15,6%	15,8%	15,8%	15,8%	15,7%
Aðrar tekjur	23,8%	22,0%	22,3%	22,2%	22,4%	22,5%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	47,7%	47,4%	47,2%	46,9%	46,6%	46,2%
Annar rekstrarkostnaður	41,3%	39,5%	40,1%	39,9%	39,8%	39,7%
Afskriftir	4,2%	3,9%	3,4%	3,5%	3,5%	3,5%
Fjármagnsliðir, nettó	6,0%	5,4%	6,8%	6,4%	5,5%	5,0%
	99,3%	96,2%	97,6%	96,7%	95,5%	94,5%
Framlög frá eigin sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Peningaleg staða (neikvæð)	-113,4%	-105,6%	-99,4%	-98,1%	-92,0%	-87,2%
Skuldir og skuldbindingar	136,4%	127,4%	120,0%	118,1%	111,5%	105,6%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	0,3%	3,6%	2,1%	3,0%	4,2%	5,2%
Framlegð	11,0%	13,1%	12,7%	13,2%	13,5%	14,1%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	8,4%	10,3%	10,0%	10,5%	11,1%	11,8%
Fjárfestingarhreyfingar	-7,7%	-6,4%	-7,3%	-7,8%	-5,0%	-7,5%
Í þúsundum króna á hvern íbúa						
Rekstur						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	661	710	742	742	740	741
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	207	200	213	212	214	215
Tekjur samtals	868	909	955	954	954	956
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó	884	923	987	982	973	970
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	3	32	20	28	40	50
Efnahagur						
Heildareignir	1.621	1.620	1.611	1.606	1.565	1.542
Eigið fé	437	461	465	479	501	532
Skuldbindingar og aðrir liðir	135	138	141	143	143	142
Skuldir	1.049	1.021	1.005	984	921	868
Eigið fé og skuldir samtals	1.621	1.620	1.611	1.606	1.565	1.542
Aðrar lykiltölur						
Veltufjárhlutfall	0,48	0,63	0,66	0,64	0,73	0,69
Eiginfjárhlutfall	0,27	0,28	0,29	0,30	0,32	0,34
Skuldahlutfall	136,4%	127,4%	120,0%	118,1%	111,5%	105,6%
Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum	122,2%	113,2%	105,8%	103,9%	97,3%	91,4%
Íbúafjöldi 31. desember	9.481	9.671	10.019	10.339	10.753	11.172

Sveitarsjóður - A hluti

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	4.831.059	5.505.937	5.935.480	6.134.138	6.358.387	6.609.137
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.447.985	1.367.926	1.507.219	1.555.450	1.617.668	1.680.757
Þjónustutekjur.....	1.325.286	1.275.567	1.419.311	1.456.412	1.532.351	1.612.598
	7.604.330	8.149.430	8.862.010	9.146.000	9.508.406	9.902.492
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	3.738.002	4.047.051	4.354.881	4.473.680	4.624.919	4.778.396
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	157.916	95.000	124.000	124.000	124.000	124.000
Annar rekstrarkostnaður.....	3.078.769	3.131.093	3.445.700	3.529.074	3.662.069	3.801.363
	6.974.687	7.273.144	7.924.581	8.126.753	8.410.988	8.703.759
Framlegð	629.643	876.286	937.429	1.019.247	1.097.418	1.198.733
Afskriftir.....	278.324	281.465	277.077	290.693	301.997	314.487
Niðurstaða án fjármagnsliða	351.319	594.821	660.352	728.554	795.421	884.246
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(427.749)	(405.872)	(565.143)	(548.907)	(492.240)	(462.851)
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	(76.430)	188.949	95.209	179.647	303.181	421.394

Sveitarsjóður - A hluti

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	9.926.432	10.061.545	10.583.923	11.081.911	11.199.645	11.599.939
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	1.810.700	1.793.779	1.624.798	1.511.836	1.500.875	1.489.914
Vélar, áhöld og tæki	27.773	29.299	30.971	30.397	28.773	26.099
Leigugeignir	107.500	187.846	160.701	133.555	106.409	79.263
	11.872.405	12.072.469	12.400.392	12.757.699	12.835.702	13.195.215
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	249.018	248.768	249.018	249.018	249.018	249.018
Skatteign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	123.829	73.803	41.012	20.351	12.591	7.581
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	488.694	481.983	480.588	475.568	465.423	452.369
	861.541	804.554	770.618	744.937	727.032	708.968
Fastafjármunir	12.733.946	12.877.024	13.171.011	13.502.636	13.562.734	13.904.183
Veltufjármunir:						
Birgðir.....	4.044	4.044	4.044	4.044	4.044	4.044
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	519.391	519.391	519.391	519.391	519.391	519.391
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	365.093	365.093	365.093	365.093	365.093	365.093
Næsta árs afborganir langtímakrafna	22.095	33.785	32.791	20.661	7.760	5.010
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirt.	17.414	18.597	20.192	21.841	23.461	25.155
Handbært fé.....	13.328	69.410	145.112	162.157	209.339	169.586
Veltufjármunir	941.365	1.010.320	1.086.624	1.093.186	1.129.088	1.088.279
Eignir samtals	13.675.311	13.887.344	14.257.634	14.595.823	14.691.822	14.992.462

Sveitarsjóður - A hluti

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Eigið fé.....	3.405.384	3.594.612	3.690.071	3.869.718	4.172.899	4.594.294

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar.....	1.272.947	1.332.947	1.411.947	1.480.947	1.539.947	1.588.947
-----------------------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

Aðrar skuldbindingar.....	5.125	0	0	0	0	0
---------------------------	-------	---	---	---	---	---

	1.278.072	1.332.947	1.411.947	1.480.947	1.539.947	1.588.947
--	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	6.322.632	6.680.521	6.856.956	6.897.924	6.835.241	6.612.746
--------------------------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

Leiguskuldir.....	194.538	176.809	159.472	139.972	118.108	94.724
-------------------	---------	---------	---------	---------	---------	--------

Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
----------------------------------	---	---	---	---	---	---

	6.517.170	6.857.330	7.016.428	7.037.896	6.953.349	6.707.471
--	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	471.056	0	0	0	0	0
--------------------------------	---------	---	---	---	---	---

Skuldir við eigin fyrirtæki.....	411.086	449.759	468.501	463.458	468.572	499.123
----------------------------------	---------	---------	---------	---------	---------	---------

Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	695.073	755.173	772.256	844.525	657.074	701.975
--	---------	---------	---------	---------	---------	---------

Næsta árs afborganir leiguskulda.....	23.272	23.323	24.233	25.081	25.784	26.454
---------------------------------------	--------	--------	--------	--------	--------	--------

Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
---	---	---	---	---	---	---

Aðrar skammtímaskuldir.....	874.198	874.198	874.198	874.198	874.198	874.198
-----------------------------	---------	---------	---------	---------	---------	---------

	2.474.685	2.102.454	2.139.188	2.207.262	2.025.627	2.101.751
--	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

Skuldir og skuldbindingar samtals	10.269.927	10.292.732	10.567.563	10.726.105	10.518.923	10.398.168
-----------------------------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------

Eigið fé og skuldir samtals	13.675.311	13.887.344	14.257.634	14.595.823	14.691.822	14.992.462
------------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Sveitarsjóður - A hluti

Sjóðstreymisýfirlit

Rekstrarhreyfingar:

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Niðurstaða ársins.....	(76.430)	188.949	95.209	179.647	303.181	421.394
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	278.324	281.465	277.077	290.693	301.997	314.487
Verðbætur og gengismunur	123.327	128.259	259.044	240.634	193.028	172.294
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(370) (0)		0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	0	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum	157.926	95.000	124.000	124.000	124.000	124.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	482.778	693.673	755.330	834.974	922.206	1.032.175

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Birgðir, lækkun (hækkun)	693	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(49.615)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(161.899)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)	27.979	0	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(36.363) (40.125) (45.000)			(55.000) (65.000) (75.000)		
Breytingar á rekstart. eignum og skuldum	(219.205) (40.125) (45.000)			(55.000) (65.000) (75.000)		
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	263.573	653.548	710.330	779.974	857.206	957.175

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(524.482) (481.000) (605.000)			(648.000) (380.000) (674.000)		
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	1.500	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	(62.362)	38.336	33.785	32.791	20.661	7.760
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	16.664	16.482	18.960	20.546	22.147	23.766
Fjárfestingarhreyfingar	(568.681) (426.182) (552.255)			(594.663) (337.192) (642.474)		

Fjármögnunarhreyfingar:

Greiddur arður.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	104.315	38.673	18.742	(5.044)	5.114	30.551
Tekin ný langtímalán.....	983.076	1.000.000	700.000	650.000	400.000	300.000
Afborganir langtímalána.....	(707.101) (738.902) (801.114)			(813.223) (877.945) (685.006)		
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	(75.491) (471.056)		0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	304.799 (171.284) (82.372)			(168.266) (472.831) (354.455)		

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(309)	56.082	75.702	17.044	47.182	(39.753)
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	13.637	13.328	69.410	145.112	162.156	209.339
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	13.328	69.410	145.112	162.156	209.339	169.586

Sveitarsjóður - A hluti

Skýr.	Rauntölur 2015	Útkomuspá 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Lykiltölur						
Í hlutfalli við tekjur						
Skatttekjur	63,5%	67,6%	67,0%	67,1%	66,9%	66,7%
Framlög jöfnunarsjóðs	19,0%	16,8%	17,0%	17,0%	17,0%	17,0%
Aðrar tekjur	17,4%	15,7%	16,0%	15,9%	16,1%	16,3%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	51,2%	50,8%	50,5%	50,3%	49,9%	49,5%
